


SCHUMANN & BRAHMS I

Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Antti Sïirala, einleikari



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2009/10



Gjöf sem hljómar vel

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands er tilvalin jólagjöf fyrir tónlistarunnendur á öllum aldri. Tónleikaárið einkennist af mikilli fjölbreytni og því ættu allir að finna tónleika við sitt hæfi.

Gjafakortið sjálft er fallett og hefur ótakmarkaðan gildistíma.



Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma **545 2500** og við aðstoðum þig með jólagleði. Einnig er hægt að senda póst á sinfonia@sinfonia.is og fá upplýsingar eða tilboð fyrir stærri pantanir. Athugið! Áskrifendur fá 10% afslátt af gjafakortum Sinfóníunnar.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

.....
Tónleikar í Háskólabíói 19. nóvember 2009 kl. 19.30
.....

Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Antti Siirala, einleikari

.....
SCHUMANN OG BRAHMS I
.....

Robert Schumann

Píanókonsert í a-moll op. 54 (1841/45)

Allegro affettuoso

Intermezzo: Andantino grazioso

Allegro vivace

Hlé

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 4 í e-moll op. 98 (1884–85)

Allegro non troppo

Andante moderato

Allegro giocoso

Allegro energico e passionato –

Piú allegro



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu
á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar
vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á
meðan tónleikum stendur.

EVA Á ÍSLANDI

Eva Ollikainen hefur tvívegis stjórnað SÍ, fyrst á skólatónleikum 2005 og aftur í október 2007. Þá voru á dagskránni Ófullgerða sínfónía Schuberts, saxófónkonsert eftir Veigar Margeirsson og sínfónía nr. 4 eftir Carl Nielsen.

EVA OLLIKAINEN

Hljómsveitarstjóri



Eva Ollikainen er ekki nema 27 ára gömul en hefur þegar vakið verðskuldaða athygli víða um heim. Hún hóf píanónám þriggja ára og þótti efnilegur píanisti, en þegar komið var í Sibeliusar-akademíuna skipti hún um fag og nam hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula og Leif Segerstam. Hún hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003 og var m.a. aðstoðarstjórnandi hjá Kurt Masur og Christoph von Dohnányi í kjölfarið. Stjarna er fædd, sagði Helsingin Sanomat um frumraun Ollikainen í höfuðborg Finnlands. James Levine bauð henni að taka þátt í Tanglewood-tónlistarhátíðinni 2006 og hún hefur einnig sótt tíma í hljómsveitarstjórn hjá Pierre Boulez.

Eva Ollikainen hefur meðal annars stjórnað Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníuhljómsveitunum í Stokkhólmi og Turku, Tapiola-sínfóníettunni og Sínfóníuhljómsveitunum í Helsingborg og Þrándheimi. Hún kom fyrst til Íslands haustið 2005 og stjórnaði framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með næstum engum fyrirvara. Bæði hljómsveit og áheyrendur hrifust af vasklegri framgöngu hennar og víst að miklar vonir eru bundnar við þessa finnsku kjarnakonunni. Ollikainen hefur stjórnað Fílharmóníusveitunum í Stokkhólmi, Brüssel og Japan, hefur stjórnað Ravel og Stravinskíj við Konunglegu sænsku óperuna og Tsajkovskíj við Finnsla þjóðarballettinn. Hún er væntanleg aftur til Íslands í mars á næsta ári og mun þá stjórna Dafnis og Klói eftir Ravel í flutningi SÍ og Hamrahliðarkóranna.

SCHUMANN OG BRAHMS

Þann 8. júní 2010 eru 200 ár liðin frá fæðingu Roberts Schumann. Af því tilefni leikur SÍ sinfóníur og konserta eftir Schumann og lærisvein hans Johannes Brahms á fernum tónleikum á þessu starfsári og því næsta. Í maí 2010 hljómar Vorsinfónía Schumanns og 1. píanókonsert Brahms. Þá geta tónlistargestir hlakkað til að heyra fiðlukonsert Brahms og píanókonsert nr. 2, auk sinfóníanna nr. 3 og 4 eftir Schumann á næsta starfsári.

ANTTI SIIRALA

Einleikari

Finnski píanóleikarinn Antti Siirala skaust upp á stjórnuhimininn þegar hann hlaut fyrstu verðlaun í Beethoven-keppninni í Vínarborg, Alþjóðlegu píanókeppninni í Lundúnum og Leeds-keppninni, allt á árunum 1999–2003. Hann komst í heimsfréttirnar árið 2004 þegar sú sérkennilega staða kom upp á tónleikum í Brüssel að stjórnandinn veiktist skyndilega; Siirala bjargaði tónleikunum með því að stjórna konsertinum frá hljómborðinu og leika Diabelli-tilbrigði Beethovens eftir hlé í stað sinfóníunnar.

Siirala hefur leikið á Luzern-hátíðinni og starfað með ýmsum þekktum stjórnendum, m.a. Esa-Pekka Salonen, Osmo Vänskä, Stéphane Denève og Herbert Blomstedt. Þá mun hann í ár koma fram í píanóröð Berlínarfílharmoníunnar ásamt þremur öðrum píanistum sem allir eru meðal þeirra fremstu í heiminum; að Siirala skuli þar vera skipað í flokk með Pierre-Laurent Aimard og Lang Lang sýnir svo ekki verður um villst hver staða hans er. Hljóðritanir hans fyrir Ondine og Naxos hafa hlotið Editor's Choice-viðurkenninguna í Gramophone, og hæstu einkunn í Piano News-tímaritinu. Á næstunni mun Siirala frumflytja nýjan konsert eftir Kalevi Aho og leika píanókonsert Mozarts nr. 21 með Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham.





Áð nokkrum ófullgerðum píanókonsertum undanskildum samdi Robert Schumann (1810–1856) þrjú verk fyrir píanó og hljómsveit. Tvö þeirra eru einþáttungar sem því miður heyrast sjaldan: Inngangur og Allegro appassionato í G-dúr op. 92 og Inngangur og Konsertallegro í d-moll op. 134. Það þriðja er píanókonsertinn í a-moll op. 54, sem raunar var einnig einþáttungur í sinni upphaflegu mynd og hét þá Fantasia fyrir píanó og hljómsveit.

Schumann stefndi að frama sem píanóleikari á yngri árum og stundaði nám hjá hinum virta kennara Friedrich Wieck eftir að hafa flosnað upp úr lögfræðinámi við háskólana í Leipzig og Heidelberg. Dóttir Wiecks hét Clara og var sjálf undrabarn bæði í píanóleik og tónsmíðum. Hún var ekki nema níu ára þegar hinn 18 ára gamli Róbert tók að venja komur sínar á heimilið, en með árunum myndaðist vinátta milli þeirra sem síðar dýpkaði og varð að ást. Friedrich Wieck brást ókvæða við og gerði allt sem í hans valdi stóð til að stía elskendunum ungu í sundur, en þau fóru með málið fyrir dómstóla og Clara fékk leyfi til að ganga í hjónaband skömmu fyrir 21. afmælisdag hennar.

Á árunum milli tvítugs og þrítugs samdi Schumann nær eingöngu píanóverk, í fyrstu handa sjálfum sér en síðar handa Clöru, m.a. *Carnaval*, Sinfónísku etýðurnar, *Kreisleriana*, *Kinderszenen*, tvær píanósónötur og Fantasíuna í C-dúr. Árið 1840 dembdí hann sér í söngvasmíði, m.a. *Frauenliebe und -leben*, *Dichterliebe* og söngvasveigana við ljóð Heines og Eichendorffs. 1841 er stundum nefnt „sinfóníuárið“ enda samdi hann bæði Vorsinfóníuna nr. 1 og d-moll sinfóníu sem nú er nær ávallt flutt í endurskoðaðri gerð frá því áratug síðar og því kölluð sú fjórða. Það var í maí 1841 sem Schumann, sem annars var djúpt sokkinn í sinfónískar hugleiðingar, samdi Fantasíuna í a-moll, fyrsta fullgerða verk sitt fyrir píanó og hljómsveit.

Þetta skref hafði Schumann hugleitt lengi en átt í nokkrum erfiðleikum með. Hann skrifaði Clöru 1839: „Þú veist að ég get ekki samið virtúósakonsert, svo ég verð að láta mér detta eitthvað annað í hug.“ Hann hafði alla tíð megnustu óbeit á innantómri sýndarmennsku í tónlist, og flugeldasýningar á borð við þær sem Thalberg, Liszt og fleiri stóðu fyrir um þessar mundir féllu honum ekki í geð. Þó er ekki þar með sagt að konsert Schumanns leggi ekkert upp úr tæknilegri getu eða sýni ekki einleikarann í

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI


Þórunn Jóhannsdóttir (síðar Ashkenazy) frumflutti píanókonsert Schumanns á Íslandi, í Þjóðleikhúsinu árið 1955. Síðan hefur SÍ flutt verkið 10 sinnum, m.a. við einleik Jórunnar Viðar (1957), Wilhelms Kempff (1966), Cristinu Ortiz (1976), Önnu Áslaugar Ragnarsdóttur (1987) og Krystynu Cortes (1992).

sínu besta ljósi. En í stað þess að setja píanistann einan í sviðsljósið er hlutur hljóm- sveitarinnar stærri en áður hafði tíðkast, útsetningin er fingerð og minnr jafnvel á kammertónlist. Stundum stíga einleikshljóðfæri hljóm-sveitarinnar fram í sviðsljósið en píanistinn bregður sér í meðleikshlutverk á meðan. Franz Liszt gerði stólpagrín að þessari áráttu höfundarins og kallaði verkið „Konsert án píanós.“

Fantasían var prufukeyrð með hljóm-sveit 13. ágúst 1841 og Clara lék vitaskuld einleik, þá komin átta og hálfan mánuð á leið með fyrsta barn þeirra. Útgefendur töldu litlar líkur á að einþáttungur af þessu tagi væri líklegur til vinsælda, svo að Schumann stakk verkinu aftur í skúffuna. Fjórum árum síðar bætti hann tveimur þáttum aftanvið og endurskoðaði þann fyrsta allrækilega. Frumflutningurinn fór fram í Dresden í desember 1845 við lítinn fögnuð viðstaddra. Einn gagnrýnandi hrósaði Clöru þó fyrir „lofsverða viðleitni til að láta hina furðulegu rapsódíu eiginmanns síns hljóma eins og tónlist“.

Upphafið er eitt það eftirminnilegasta í nokkrum píanókonsert fyrr og síðar. Hljóm-sveitin á fyrsta orðið, en píanóið stelur strax senunni með krafmikilli hljómarunu. Andstæðan við ljóðrænt óbóstepið sem fylgir í kjölfarið gæti vart verið meiri. Eftir ágengari millikafla, þar sem píanistinn spilar oftast undir hjá fiðlumum en öfugt, heyrast aðalstepið í björtum C-dúr. Því næst tekur klarinettan við stefinu – enn er píanistinn í hlutverki meðleikarans! – og breytir því með tjáningarríku risastökki undir lok hverrar hendingar. Framsöggunni lýkur með glaðværðu stefi í C-dúr, en því næst kemur hljóm-ræn djörfung tónskáldsins í ljós. Dúr breytist skyndilega í drungalegan moll, sem síðan kemur í ljós að er bara tímabundinn dvalarstaður á leið í As-dúr, þar sem upphafsstepið heyrast aftur í píanóinu. As-dúr er tóntegund sem á ekkert skylt við heimatóntegundina, en Schumann kys samt að dvelja hér um stund og gefur píanistanum langþráð tækifæri á að spreyta sig á stefinu. Eftir margvíslegar umbreytingar komumst við loksins aftur á heimaslóð og helstu stef kaflans eru leikin eina ferðina enn.

Annar þáttur er lítið millispil eða intermezzo, og þótt hann sé hægari en ytri kaflarnir er hann léttur í spori. Líkt og í fyrsta þætti er ómögulegt að ímynda sér einleikarann án hljóm-sveitarinnar, eða hljóm-sveitina án einleikarans – grunnhugmyndin er eins konar samtal þar sem skiptast á spurningar og svör. Þegar komið er að lokatöktum millispilsins skýtur gamalkunnugt stef upp kollinum enn á ný – aðalstef fyrsta þáttar – fyrst í dúr, því næst í moll, og að lokum rennur það saman við þriðja kaflann, sem er fjögurt rondó með skemmtilegum rytmískum fléttum af ýmsum toga.



Í rómversku goðafræðinni var Janus guð tímamóta, upphafs og enda, og í myndlist birtist hann oft með tvö höfuð sem snúa í andstæðar áttir. Í tónlist sinni horfir Johannes Brahms (1833–1897) bæði fram á veginn og aftur til fortíðar, hrærir saman aldagamalli þýskri tónlistarhefð og nýjum aðferðum, tengir saman hljóma á óhefðbundinn hátt og fléttar saman smæstu einingar svo úr verða breiðar laglínur. Sjaldan mætast fortíð og nútíð jafneftirminnilega í verkum Brahms og í fjórðu sinfóníunni, sem hann samdi í austurrísku ölpunum sumrin 1884–85. Brahms þekkti tónlist gömlu barokkmeistaranna út og inn, enda voru fremstu Bach-fræðingar 19. aldarinnar, þeir Friedrich Chrysander og Philipp Spitta, í vinahópi hans. Það var hinn síðarnefndi sem gaf Brahms handskrifað eintak að kantötu nr. 150, *Nach dir, Herr, verlangst mich* eftir J.S. Bach, nokkrum árum áður en hún var fyrst gefin út á prenti. Brahms beið ekki boðanna, heldur byggði lokapátt fjórðu sinfóníunnar á stafi úr lokakafli kantötunnar, með nokkrum breytingum þó.

Brahms hafði af því nokkrar áhyggjur að verkið væri of þungt og tormelt fyrir almenning. Dræm viðbrögð sumra vina hans hafa varla gert mikið til að slá á áhyggjurnar. „Byrjunin er of glannaleg,“ sagði fiðluleikarinn Joseph Joachim. Clara Schumann og Elisabet von Herzogenberg létu einnig í ljós efasemdir. „Erfið, mjög erfið,“ sagði hljómsveitarstjórinn Hans von Bülow, „risavaxin, nýstárleg, einstök. Óviðjafnanleg orka frá fyrsta takti til hins síðasta.“ Að vissu leyti höfðu þau öll á réttu að standa. Fjórða sinfónían er sú „þyngsta“ og alvarlegasta sem Brahms samdi. En maður skyldi varast að vanmeta alþýðusmekk: fjórða sinfónían sló í gegn við frumflutninginn í Meiningen í október 1885 og hefur æ síðan þótt eitthvert stórfenglegasta afrek Brahms í sinfónískum tónsmíðum.

Sú fjórða hefst á stafi sem er dæmigert fyrir Brahms á efri árum; ljúft og blítt en býr um leið yfir djúpum trega. Stefið er samansett úr fallandi þríundum, og þessa aðferð við stefjauppbyggingu átti Brahms eftir að nota aftur síðar, t.d. í smálagi sínu fyrir píanó op. 119 nr. 1. Tónlistin verður smám saman kraftmeiri og næsta stef er ástríðuþrungin, leikið af sellóum og hornum. Litbrigðin eru óteljandi, allt frá dularfullum minnkudum

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sí hefur flutt fjórðu sínfóníu Brahms alls 17 sinnum fyrst í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Olavs Kielland árið 1951. Kielland stýrði henni fjórum sinnum með hljómsveitinni, en meðal annarra stjórnaða eru Vladimir Ashkenazy (1978), Jukka-Pekka Saraste (1986) og Rumon Gamba (2006).

pianissimo-hljómum og yfir í valdsmannslegan lúðraþyt og hornablástur. Úrvinnslan er heillandi, dulúðug og kröftug til skiptis, og þegar upphafstónarnir snúa aftur leikur Brahms á okkur með því að teygja úr fyrstu tveimur hendingunum svo þær verða næstum óþekkjanlegar. Það er hluti af galdrinum hvernig Brahms leysir upp mörkin milli ólíkra kafla innan þáttarins, og þó er tónlistin ávallt markviss og stefnuföst. Hápunktur kaflans kemur þó ekki fyrr en í niðurlaginu, þegar við heyrum upphafsstefið í síðasta sinn, nú í þéttri keðju milli djúpu strengjanna og horna annars vegar og efri strengja/tréblásara hins vegar.

Annar þáttur hefst á lúðraþyt sem færir okkur langt aftur í tímann, í heim miðaldasagna. Í fyrstu virðist tóntegundin vera C-dúr, en eftir fjóra takta bætast við fleiri hljóðfæri og þá í aðaltóntegund kaflans, E-dúr. Ljóðrænt klarínettustef er í forgrunni til að byrja með, en ekki líður á löngu þar til ástriðufull tjáningin hefur náð yfirhöndinni. Voldugar tríólur taka við og leiða inn í tilfinningaþrungnið stef leikið af sellóm. Varla verður sagt um þriðja kafla sínfóníunnar að hann sé léttfætt scherzo „à la Beethoven“ – til þess er tónefnið of voldugt, hljómsveitarútsetningin of þykk og formið of viðamikilið (sónötuform í stað hins tvískipta scherzos með tríókafli í miðjunni). En voldugur hljómur og ævintýrleg tóntegundaskipti skyggja þó ekkert á glaðlegt yfirbragðið, og til að undirstrika það enn frekar notar Brahms þríhorn í eina skiptið í öllum sínfóníum sínum.

Lokaþátturinn er sjakonna – þrjátíu tilbrigði yfir átta takta hljómagang sem fenginn er að láni úr kantötu nr. 150 eftir Bach. Við upphaf þáttarins heyrum við stefið „ómengað“ en í tilbrigðunum sem fylgja í kjölfarið sýnir Brahms meistaratök sín á tilbrigðaforminu. Stefið skoðar hann í sífellt nýju ljósi – stundum hratt, stundum hægt (fjögur tilbrigði í 3/2, sem þýðir að Brahms hægir á stefinu með því að lengja taktana um helming), stundum blíð, stundum ofsafengin. Brahms gerir hér allt annað og meira en að endurvinna tónlist hins mikla forvera síns. Með því að taka eitt stórfenglegasta form barokktímans og gera það fullkomlega að sínu eigin tengir hann saman nútíð og fortíð á óviðjafnanlega áhrifamikinn hátt.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 19. NÓVEMBER 2009

1. fiðla

Guðný Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Martin Frewer
Rósa Guðmundsdóttir
Laufeý Sigurðardóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir
Roland Hartwell
Joanna Bauer
Pálína Árnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marínósdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovisa Fjeldsted

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jónelsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Árni Áskelsson

samstarfsaðilar

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is

Aðventutónleikar

11.12.09



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

AÐVENTUTÓNLEIKAR SÍ

Fös. 11.12.09 » 19:30

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist til að koma manni í jólaskap. Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljómar hátíðleg jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja af okkar fremstu söngvurum; **Ingibjargar Guðjónsdóttur** og **Gissurar Páls Gissurarsonar**.

Bach, Handel, Corelli, Mozart, Adolphe Adam og Sigvaldi Kaldalóns eiga allir sinn skerf á þessari hátíðlegu og jólalegu efnisskrá. Hljóm-sveitarstjóri er **Daníel Bjarnason**.

Miðaverð: 3.700/3.300 kr.

Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is
eða í síma **545 2500**

„Tónlistin
er ekki
upppfinning
mannanna,
heldur gjöf
guðs.“

Marteinn Lúther

